

Nd.

105. Þingsályktun

um sauðfjárbaðlyt.

(Samþykkt í Nd. 11. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að annast um það, að nægileg baðlyf til þrifabaða á sauðfje næsta haust verði komin til landsins ekki síðar en fyrir næstkomandi ágústmánaðarlok.
2. Að brýna rækilega fyrir hreppsnefndum og bæjarstjórnunum, að tryggilegt eftirlit sje haft með böðununum, og að þær fari, eftir því sem kostur er á, samtímis fram á þeim svæðum, þar sem samgöngur eru tíðar.